


18.-19. ágúst 2011

# Ráðstefna




*Um garðplöntur  
fyrir norðlæg og  
hafræn svæði*

Jóhann Pálsson fyrrum garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar og forstöðumaður Lystigarðs Akureyrar verður heiðursgestur ráðstefnunnar. 80 ára afmæli Jóhanns verður fagnað og honum veitt viðurkenning fyrir mikilvægt framlag til garðræktar á Íslandi í gegnum tíðina.

Ráðstefnan er haldin í Reykjavík og á Reykjum í Ölfusi í samstarfi New Plants for the Northern Periphery Market (NPNP) sem er verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar, Landbúnaðarháskóla Íslands, Garðyrkjufélags Íslands, Félags garðplöntuframleiðenda, Skógræktar Ríkisins, Félags iðn- og tæknigreina (FIT) og Grasagarðs Reykjavíkur.

## Markmið



Markmið ráðstefnunnar er að sameina hinn almenna garðeiganda, garðplöntuframleiðendur og rannsóknaraðila frá nágrannalöndum okkar til þess að skiptast á upplýsingum og reynslu um ræktun garð- og landslagsplantna á norðlægum og hafrænum svæðum og kanna möguleika á auknu samstarfi.

## Afrakstur

- Aukin samskipti og samstarf milli hagsmunaaðila á norðurslóðum (Northern Periphery).
- Að þekkja sameiginleg viðfangsefni í ræktun og garðyrkju.
- Aukin tækifæri til samvinnu í þróun plantna/efniviðar.
- Fyrirkomulag á skiptum á plöntuefniviði á milli landa.
- Skipti á upplýsingum og reynslu á árangursríkum ræktunaraðferðum við erfið skilyrði.
- Aukin vitund og samskipti um félags- og efnahagslegt hlutverk og mikilvægi/áhrif garða þar sem eru erfið veðurfarsskilyrði.
- Yfilýsing um afrakstur og útkomu ráðstefnunnar.

## Dagskrá



Ráðstefnan mun sameina erindi fræðimanna, sérfræðinga og fulltrúa hagsmunaaðila frá samstarfslöndum okkar. Auk þess verða áhugaverðir staðir heimsóttir sem tengjast þema ráðstefnunnar. Vinnufundur verður haldinn í tengslum við helstu markmið og væntanlega niðurstöðu ráðstefnunnar.

[Nánar um dagskrá á  
http://yndisgrodur.lbhi.is](http://yndisgrodur.lbhi.is)

### Ráðstefnugjald:

Kr. 18900 með kvöldverði  
Kr. 15500 án kvöldverðar

### Skráning og frekari upplýsingar

Vinsamlega skráið þátttöku fyrir 12. ágúst  
[yndisgrodur@lbhi.is](mailto:yndisgrodur@lbhi.is)



Northern  
Periphery  
Programme  
2007–2013



Innovatively investing  
in Europe's Northern  
Periphery for a sustainable  
and prosperous future